

Kynningarfundur um skipulag Suðurbæjar

Haldinn í Öldutúnsskóla þriðjudaginn 22. október kl. 17:00

Þjarki bauð fundargesti velkomna og Málfríður hóf síðan kynningu á skipulagstillögunni.

Meðan á kynningunni stóð komu nokkrar fyrirspurnir um einstök svæði og atriði sem Málfríður svaraði eftir bestu getu. Fleiri fyrirspurnum var svarað eftir kynninguna. Þau atriði sem helst brunnu á fundarmönnum voru:

Lóðir sem liggja að friðlýstu svæði Hamarsins:

Lóðamörkum er breytt þannig að lóðir nái ekki inn á friðlýsta svæðið.

Ennfremur um lóðamörk:

Tillagan fjallar bæði um stækkun og minnkun á lóðum miðað við lóðaleigusamninga.

Málfríður vekur einnig athygli á að gert er ráð fyrir nýrri lóð fyrir lítið aðflutt hús við Hringbraut þar sem áður var Kaldárstígur.

Brekkugata:

Spurt er hvort bærinn taki þátt í kostnaði við viðhald á hlöðnum veggjum á lóðamörkum við Brekkugötu, þar sem þeir ná niður á götu, eða er viðhaldið einungis á ábyrgð lóðarhafa?

Hleðsla við Flensborgarskóla er í slæmu ástandi og farið að hrynja úr henni niður á götuna og jarðvegur að síga.

Selvogsgata:

Málfríður bendir á að samkvæmt skipulaginu sé lagt til að hverfisvernda ásýnd Selvogsgötu til að viðhalda heildar götummyndinni eins og hún er.

Spurt er um friðlýsingu húsa við götuna vegna aldurs?

Málfríður svarar því til að ekki sé um beina friðlýsingu að ræða heldur þurfi að skoða hvað má gera og hvað ekki.

Selvogsgata og Flensborg:

Nokkuð miklar umræður urðu um umferðamál umhverfis Flensborgarskóla og bílaumferð um íbúðagötu á álagstímum, t.d. vegna þess að hringtorgið við Lækjargötu annar ekki umferð frá Setbergi og einnig um umferð Strætó um Selvogsgötu.

Varðandi fyrirhugað hringtorg á mótum Selvogsgötu og Hringbrautar, var spurt hvort hægt væri að hanna torgið þannig að draga mætti úr brattanum vegna vandræða sem skapast í hálku og hvort e.t.v. mætti setja hitalögn í götuna. Einnig hvort búið væri að ákveða hvenær ráðist verður í framkvæmdirnar og hvort hægt væri að færa það fjær íbúðahúsunum.

Þessum fyrirspurnum verður vísað til framkvæmdasviðs, en staðsetning ákvarðaðist af tengingum við aðliggjandi götur.

Ölduslóð:

Nokkrar athugasemdir komu vegna bílastæða og umferðar á efsta hluta Ölduslóðar. Bílastæðamál vegna nýjustu húsanna þar sem bílum er lagt við götu en ekki einvörðungu innan lóða.

Spurt var hvort ekki mætti loka opnun frá Staðarhvammi og yfir á Ölduslóð framan við kirkjuna, sem beindi umferð niður Jófríðarstaðaveg. Þar sem búið væri að flytja Reykjanesbrautina væru breyttar forsendur varðandi umferð á þessu svæði. Eða gera stubbinn að einstefnu götu frá Ölduslóð.

Fyrirspurnum verði vísað til framkvæmdasviðs.

Almennar fyrirspurnir og athugasemdir:

Hvað má stækka mikið?

MK: Þar sem hægt er að stækka, má stækkun almennt ekki vera meiri en 10%

Um hámarkshæðir húsa?

MK: Hámarkshæðir húsa eru settar til að halda samræmi og viðhalda heildarsvip hverfis og byggingarsögu.

Um fjölgun íbúða í núverandi húsum?

MK: Almennt er ekki leyfð fjölgun íbúða í séreignum, en alltaf opið fyrir athugasemdum. Þarna spila líka inn umferða og bílastæðamál.

Umhverfi St. Jósepsspítala, er gert ráð fyrir frekari byggingum?

MK: Má rífa gamla Kató og þar geta komið lóðir fyrir íbúðahús.

Dvergsreiturn?

BJ: Verið er að losa síðasta eignarhlutann. Stefnt er að niðurrifi og nýbyggingu. Varðandi hugmyndasamkeppni hafa komið fram hugmyndir um bókasafn eða lítil hús. Nýtt deiliskipulag væntanlega á næsta ári.

Prentsmiðjulóðin? Fyrirspurn kom frá íbúa við Suðurgötu sem sendi inn athugasemd við fyrra skipulag vegna skuggavarps.

BJ: Prentsmiðjulóðin utan þessa skipulags, en væntanlega verður ekki reist þarna hótél.

Í umræðum um umferðamál var nokkuð mikið rætt um erfiðleika vegna hálfu í öðrum götum en Selvogagötu þar sem götur væru þröngar og í miklum halla.

Varðandi aldur húsa benti íbúi á að Suðurgata 51 væri með skráð byggingarár 1920 hjá Fasteignamatinu, en hefði upphaflega verið byggt 1923 og síðan endurbyggt 1953 og 1993 og ekkert væri eftir af upphaflega húsinu.

Fyrirspyrjanda bent á að byggðasafnið væri að leita upplýsinga um byggingarár húsa.

Íbúi við Brekkugötu hefur undir höndum gamla ljósmynd af Brekkugötunni, vill koma henni í vörslu.

Bent á byggðasafnið

Í lok fundar kom Erlendur Sveinsson fram með 3 athugasemdir varðandi Hamarinn.

1. Er ekki hægt að láta fjarlægja fánastöngina á Hamrinum, af henni er bæði sjón og hljóðmengun.
2. Stríðsminjar á Hamrinum liggja undir skemmdum, ætti byggðasafnið ekki að skoða verndun þessara minja.
3. Hamarinn er að gróa, en aðalsmerki Hamarsins eru jökulminjar sem hætta er á að hverfi undir gróður.

Fundargestum var að lokum bent á að skipulagsgögn væru aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðar.

U.þ.b. 25 íbúar voru mættir til fundarins.

Fundi lauk kl. rúmlega 18:00